

Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild þriðjudaginn 22. mars 2022 kl. 17.30, netfundur.

Fundinn sátu Gunnar Frímansson formaður, Karen Malmquist varaformaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir gjaldkeri, Gísli Kort Kristófersson, Hilmar Friðjónsson, Sigríður Stefánsdóttir og varamennirnir Kári Fannar Lárusson, Jovana Kotaras og Þorsteinn K. Björnsson. Einnig sátu fundinn Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri.

Fundarefni:

1. Kosning varaformanns, ritara og gjaldkera.  
Karen Malmquist var kosin varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari og Hilmar Friðjónsson gjaldkeri.
2. Fundartími stjórnar  
Stjórnarmenn mæltu með þriðjudögum klukkan 17:00 sem fundartíma.
3. Fulltrúar Eyjafjarðardeildar á aðalfundi Rauða krossins.  
Eyjafjarðardeild tilnefnir 6 fulltrúa á aðalfund Rauða kross Íslands 21. maí. Stjórnarmenn voru hvattir til að gefa kost á sér til að sækja fundinn.
4. Svör Eyjafjarðardeildar við neyðarbeiðnum 2022  
Stjórn deildarinnar ákvað að ræða frekari stefnumótun varðandi neyðarbeiðnir á næsta fundi stjórnar.
5. Starfsmannamál  
Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri hefur sagt upp starfi sínu hjá deildinni. Stjórnin þakkar henni störf hennar fyrir deildina og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi. Stjórnin felur deildarstjóra að ráða í stöðu hennar við deildina.
6. Önnur mál  
Engin önnur mál